

Ágengar plöntur: Útbreiðsla, ógnir og aðgerðir

Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands

Framandi, ágengar tegundir eru alvarlegt umhverfisvandamál um allan heim. Á Íslandi eru þekktustu, ágengu tegundirnar minkur, alaskalúpína og skógarkerfill. Þekking á líffræði ágengrar tegundar getur auðveldað skipulagningu aðgerða gegn henni og aukið líkur á árangri. Í því skyni hefur Náttúrustofa Vesturlands lagt áherslu á rannsóknir á völdum, ágengum tegundum.

Um ágengar tegundir

Um þúsundir ára hefur mismunandi loftslag og landfræðilegar hindranir takmarkað útbreiðslu tegunda og átt þátt í að móta ólíka tegundasamsetningu á mismunandi svæðum, löndum og heimshlutum.¹ Á síðustu öldum hefur þetta breyst, þar sem maðurinn hefur í síauknum mæli flutt tegundir út fyrir náttúrulega útbreiðslu þeirra og er áætlað að a.m.k. 100-550 þúsund framandi tegundir sé nú að finna á heimsvísu. Hluti þeirra verður ágengur og getur valdið miklu tjóni á vistkerfum og náttúrulegum ferlum, í landbúnaði og á mannvirkjum. Í dag er svo komið að framandi, ágengar lífverur eru eitt af alvarlegri umhverfisvandamálum samtímans og veruleg ógn við líffræðilega fjölbreytni.²

Ísland er þátttakandi í fjölmörgum alþjóðlegum samningum og samstarfi um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Með aðild sinni að þessum samningum og verkefnum hefur Ísland skuldbundið sig til að varðveita þær tegundir og stofna sem hér er að finna og til að grípa til aðgerða ef ógnir steðja að íslenskum vistkerfum og tegundafjölbreytni.

Hér á landi finnast a.m.k. 135 framandi tegundir sem náð hafa nokkurri fótfestu í náttúrunni. Sjö þeirra teljast vera ágengar (þar af 3 plöntutegundir) og 17 mögulega ágengar.³ Til að draga úr kostnaði og auka líkurnar á árangri gegn framandi, ágengum tegundum er mikilvægt að grípa til skipulegra aðgerða sem fyrst eftir að tegund nær fótfestu. Ef ágeng tegund hefur þegar náð fótfestu og talsverðri útbreiðslu í nýjum heimkynnum sínum er greinargóð þekking á líffræði hennar hins vegar oftast forsenda verulegs árangurs í aðgerðum sem miða að útrýmingu eða stjórnun stofnsins.⁴ Náttúrustofa Vesturlands hefur í starfsemi sinni lagt sífellt meiri áherslu á rannsóknir og ráðgjöf í tengslum við ágengar tegundir, þá sérstaklega er varðar mink *Neovison vison*, en nú einnig ágengar plöntur.

Kortlagning

Með kortlagningu á útbreiðslu ágengra eða mögulega ágengra plantna má fá mikilvægar upplýsingar um umfang vandans og verður ákvörðunartaka um forgangsöröðun aðgerða þannig markvissari.

Náttúrustofu Vesturlands gerði að beiðni Stykkishólmsbæjar úttekt á útbreiðslu fjögurra plöntutegunda í landi sveitarfélagsins, sem nær yfir tæpa 10 ferkílómetra. Tvær þeirra, alaskalúpína *Lupinus nootkatensis* (1. mynd) og skógarkerfill *Anthriscus sylvestris* (2. mynd) eru opinberlega flokkaðar sem ágengar, bjarnarkló *Heracleum mantegazzianum* er í flokki mögulega ágengra plantna en ekki er vitað hvort spánarkerfill *Myrrhis odorata* sé



1. mynd alaskalúpína
Lupinus nootkatensis



2. mynd skógarkerfill
Anthriscus sylvestris

ágengur.³ Vaxtarstaðir plantnanna voru kortlagðir og flatarmál breiðna metið (3. mynd).


Plönturnar fjórar fundust samtals á 229 stöðum og þöktu breiður þeirra 108.500 fermetra (tæplega 11 ha). Alaskalúpína var lang útbreiddust og fannst á 148 aðskildumstöðumogvarheildarflatarmál lúpínubreiðna áætlað um 106 þúsund fermetrar. Skógarkerfill var skráður á 37 stöðum og var heildarflatarmál breiðna 1.455 fermetrar. Spánarkerfill var skráður á 41 stað og var heildarflatarmál breiðna 1.021 fermetri. Bjarnarkló fannst á þremur stöðum. Um stakar plöntur var að ræða, 1-3 fermetra á hverjum stað.

Aðgerðir

Náttúrustofan hefur lagt til að öllum framangreindum plöntutegundum verði útrýmt úr landi Stykkishólmsbæjar með markvissum aðgerðum og sett fram leiðir að því markmiði með aðferðum sem sniðnar eru að hverri tegund.⁵ Til að viðhalda árangri átaksins er eftirfylgni mikilvæg, ásamt því að sveitarfélagið marki sér skýra stefnu varðandi innflutning og dreifingu ágengra plöntutegunda. Stykkishólmsbær hefur samþykkt að hefja útrýmingaraðgerðir gegn öllum tegundunum fjórum og munu þær hefjast sumarið 2010, undir verkstjórn Náttúrustofunnar.

Heimildir

1. Cox, C.B. & Moore, P.D. 2005. Biogeography: An Ecological and Evolutionary Approach. Blackwell Publishing, Oxford. 440 bls.
2. Nentwig, W. 2008. Biological invasions: why it matters. Bls. 1-6 í Biological Invasions (W. Nentwig, ritstj.). Springer. Berlin.
3. NOBANIS - European network on invasive alien species. www.nobanis.org.
4. Simberloff, D. 2003. How much information on population biology is needed to manage introduced species? Conservation Biology, 17: 83-92.
5. Menja von Schmalensee & Róbert A. Stefánsson 2009. Ágengar plöntur í Stykkishólmi. Útbreiðsla alaskalúpínu, skógarkerfils, spánarkerfils og bjarnarklóar og tillögur um mótvægisáðgerðir. Fjölrit Náttúrustofu Vesturlands 15, 31 bls.



3. mynd. Útbreiðsla lúpínu (grænt), skógarkerfils (fjólublátt), spánarkerfils (blátt) og bjarnarklóar (rautt) í landi Stykkishólmsbæjar. Hver punktur táknar fundarstað og stærð punktsins segir til um stærðarflokk breiðunnar.